

STEFNA

Fjöregg, kt. 699414-1040,
Skútustaðahreppi

og

Landvernd, kt. 640971-0459,
Þórunnartúni 6, Reykjavík

GJÖRA KUNNUGT:

- (1) Að þau þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur íslenska ríkinu, kt. 550169-2829, Arnarhváli v/Lindargötu, Reykjavík til dóms um skyldu til að friðlýsa ellefu svæði á Mývatns- og Laxárvæðinu í Suður-Þingeyjarsýslu, eða til að þola viðurkenningardóm ella, að viðlögðum dagsektum.

FYRIRSVAR

- (2) Fyrirsvarsmaður stefnda íslenska ríkisins í málinu er Sigrúnu Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra, kt. 150644-2409, Efstaleiti 14, Reykjavík. Fyrirsvarsmaður stefnandans Fjöreggs er Ólafur Þröstur Stefánsson, formaður Fjöreggs, kt. 010661-4989, Múlavegi 9a, Reykjahlíðarþorpi, Skútustaðahreppi, en fyrirsvarsmaður stefnandans Landverndar er Snorri Baldursson, formaður Landverndar, kt. 170554-5589, Ásvallagötu 19, Reykjavík.

MÁLFLUTNINGSUMBOD

- (3) Sif Konráðsdóttir, hrl., sif@landvernd.is, Þórunnartúni 6, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnenda.

DÓMKRÖFUR

- (4) Stefnendur gera þá dómkröfu aðallega að stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins verði gert að ljúka friðlýsingu eftirtalinna landsvæða innan sveitarfélagamarka Skútustaðahrepps og birta auglýsingu um þá friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda, í samræmi við landfræðilega afmörkun fyrir hvert svæðanna eins og hún er sett fram í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“ (sbr. dskj. nr. 3) innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms í máli þessu að viðlagðri greiðslu dagsekta til stefnenda óskipt að fjárhæð 100.000 króna á dag vegna hvers hinna eftirtöldu svæða:

1. *Hálendi Skútustaðahrepps (norðanvert)*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 5, á bls. 9 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“, að undanskildum Herðubreiðarlindum, Grafarlöndum og Herðubreið, sem friðlýst var með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 272/1974; og einnig að undanskildum Jökulsárgljúfrum sem gerð voru að þjóðgarði 1973 og eru nú hluti af Vatnajökulspjóðgarði skv. lögum nr. 60/2007, sbr. reglugerð nr. 608/2008 sbr. rgj. 458/2014 og afmarkast frá Dettifossi að sunnan og austan, beina stefnu vestur í hátind Eilífs, þaðan til norðurs í Lönguhlíð og ræður hlíðin merkjum út á móts við syðsta og vestasta horn Langavatnshöfða, þaðan beina línu í Botnslæk við suðurbotn Ásbyrgis, þaðan fylgja mörkin landamerkjum jarðarinnar Meiðavalla að sunnan allt vestur að Sjónarhóli (Ísnet93 hnit E611939 m, N613360 m). Frá Sjónarhóli til norðurs í punkt (E611805 m, N614813 m) að syðsta hluta austurbrúnar Kiðagils (E611822 m, N614908 m) og þaðan norður í suðvesturhorn túngirðingar (E612128 m, N616075 m) og þaðan bein lína til austurs að byrgisbrún Ásbyrgis í punkt (E612803 m, N615930 m), þaðan í punkt Y (hnit E613224 m, N615889 m) í vesturbrún Eyjunnar og síðan þvert yfir Eyjuna í beina stefnu á punkt Z (hnit E613437 m, N615942 m) að austurbrún Eyjunnar og þaðan með björgum út að þjóðvegi, í austurátt með þjóðvegi austur fyrir eldri Ásbyrgisveg og með honum að skógræktargirðingu og austur á björg Ásbyrgis. Þaðan með björgum svo sem þau taka, norður að þjóðvegi og með honum að Jökulsá og fylgja austurmörk þjóðgarðsins miðlínu Jökulsár á Fjöllum; og loks að undanskildum sunnanverðu hálendi Skútustaðahrepps þ.m.t. Öskju, Dyngjufjöll og Trölladyngju og þeim hluta Ódáðahrauns sem friðlýstur var sem hluti Vatnajökulspjóðgarðs skv. reglugerð nr. 608/2008 sbr. rgj. 755/2009, sbr. lög nr. 60/2007, en sá hluti sem þannig er hluti Vatnajökulspjóðgarðs afmarkast skv. reglugerð nr. 755/2009 við svæði frá Suðurrábotnum (hnit E584084,56 m, N536263,88 m) í suðaustur að upptökum Suðurrár (hnit E589424,245 m, N532285,209 m), þaðan til austurs í punkt (hnit E599832,323 m, N532285,637 m), þar sem Bláfjallshalar eru í hánorður, úr þeim punkti beint í norður að suðurenda Bláfjallshala (hnit E599832,323 m, N543511,144 m), þaðan beina línu suðaustur í 860 m hæðarpunkt (hnit E614242,80 m, N520630,80 m) suður af Bræðrafelli við Kollóttudyngju og þaðan beina línu norður fyrir rætur Herðubreiðartagla (hnit E623529,84 m, N519569,01 m).
2. *Lúdent, Lúdents- og Þrengslaborgir, Hraunbunga og Laxárhraun*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 8 á bls. 12 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“, að því leyti sem friðlýsingar náttúruvættanna Dimmuborga og Hverfells/Hverfjalls hinn 22. júní 2011 (á dskj. nr. 6 og 7) og Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis hinn 28. febrúar 2012 (á dskj. nr. 8) tóku ekki til svæðisins.
3. *Varmholtsgjá, Grjótagjá og Stóragjá*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 11, á bls. 16 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi.

Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.

4. *Jarðbaðshólar*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 12 á bls. 18 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 5. *Víti, Leirhnjúkur, Leirhnjúkshraun, Hverir (Hverarönd) við Námafjall og Eldá*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 13 á bls. 20 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 6. *Seljadalur og Þverdalur*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 16 á bls. 24 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 7. *Hólkotsgil*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 17 á bls. 26 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 8. *Jaðarrásir við Mávötn*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 18 á bls. 27 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 9. *Hólavötnaás*, samkvæmt mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 19 á bls. 29 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 10. *Búrfellshraun*, um 100 km² svæði sem afmarkast skv. mörkum merktum „Tillaga Umhverfisstofnunar um friðlýsingu“ á uppdrætti á mynd nr. 21 á bls. 31 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
 11. *Búsvæði fálna*, samkvæmt mörkum merktum „Varpsvæði fálna“ á uppdrætti á mynd nr. 23 á bls. 33 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“.
- (5) Til vara gera stefnendur þá dómkröfu að viðurkennt verði að stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins sé skylt að ljúka friðlýsingu ofangreindra ellefu svæða, í samræmi við afmörkun þeirra í tillögu Umhverfisstofnunar frá 23. september 2004, innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms í máli þessu, og birta auglýsingu um þá friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda, að viðlagðri greiðslu dagsekta til stefnenda óskipt að fjárhæð 100.000 króna á dag vegna hvers ofangreinds svæðis.

- (6) Til þrautavara gera stefnendur þá dómkröfu að stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins verði gert að ljúka friðlýsingu í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 og birta auglýsingu um þá friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms í máli þessu að viðlagðri greiðslu dagsekta óskipt til stefnenda að fjárhæð 1.000.000 króna á dag.
- (7) Til annarra þrautavara gera stefnendur þá dómkröfu að viðurkennt verði að stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins sé skylt að ljúka friðlýsingu í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 og birta auglýsingu um þá friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu dóms í máli þessu að viðlagðri greiðslu dagsekta til stefnenda að fjárhæð 1.000.000 króna á dag.
- (8) Auk ofangreindra dómkröfna gera stefnendur kröfu til þess að stefnda íslenska ríkið verði dæmt til að greiða sér óskipt málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

MÁLSATVIK

- (9) Stefnendur eru umhverfisverndarsamtök sem hafa látið sig náttúruvernd í Mývatnssveit varða með beinum hætti. Stefnandinn Fjöregg er félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, stofnað árið 2014. Markmið félagsins er verndun náttúru og umhverfis Mývatnssveitar, sjálfbær umgengni sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja, sem félagið hyggst vinna að með því að (a) stuðla að fræðslu um náttúruvernd, sjálfbærni og heilbrigt samfélag, (b) vinna að umhverfisumbótum á starfssvæði sínu, (c) fylgjast með og vekja athygli á hverskonar vá sem náttúrunni er búin af inngrípum af mannavöldum, (d) hvetja til umhverfisvænni háttá og (e) vera vettvangur umræðu og ályktana um náttúruverndarmál, sbr. dskj. nr. 11. Félagsmenn eru um 70. Stefnandinn Landvernd eru umhverfisverndarsamtök sem starfa á landsvísu, með um 4900 félagsmenn, og voru þau stofnuð árið 1969. Markmið félagsins eru (a) verndun náttúru og umhverfis Íslands á landi, í legi og í lofti svo þeim verði sem minnst spillt, núlifandi og komandi kynslóðum til handa, (b) endurreisn spilltrar náttúru, náttúrugæða og umhverfis með þeim hætti er hæfir sem best náttúrulegum aðstæðum og búsetu í landinu, (c) sjálfbær umgengni þjóðarinnar heima við og á hnattræna vísu, sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja og (d) virk þátttaka Íslendinga í alþjóðasamstarfi um umhverfismál, þar sem þekkingu og reynslu er miðlað og leitað leiða til úrbóta, sbr. dskj. 12.
- (10) Með lögum nr. 97/2004, settum hinn 9. júní 2004 sem gildi tóku 1. október sama ár og felldu úr gildi lög nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxár, var mælt fyrir um friðun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Er lögnum ætlað að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni á vatnasviði Mývatns og Laxár ásamt verndun jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd, einkum með tilliti til vísindalegra, félagslegra og fagurfræðilegra sjónarmiða. Samkvæmt 2. gr. laganna taka þau til Mývatns og Laxár með eyjum, hólum og kvíslum, allt að ósi við Skjálfandaflóa, með bökkum. Auk þess ná löggin til nánar tilgreindra votlendissvæða ásamt bökkum þeirra. Þá taka löggin til

vatnsverndar á vatnasviði Mývatns og Laxár, auk þess sem ákvæði þeirra um gerð verndaráætlunar taka til Skútustaðahrepps alls, auk Laxár.

- (11) Samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögnum skyldi Umhverfisstofnun undirbúa og gera tillögur um hvaða svæði í Skútustaðahreppi utan þess svæðis er 2. gr. laga nr. 97/2004 tilgreinir, skyldu friðlýst. Friðlýsingu þeirra svæða skyldi samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu vera lokið fyrir 1. janúar 2008. Tillögur Umhverfisstofnunar skv. nefndu bráðabirgðaákvæði komu fram í september 2004 og voru þær sendar þáverandi umhverfisráðherra hinn 23. sama mánaðar, sbr. dskj. 3.
- (12) Fyrir setningu laga nr. 97/2004 var Askja í Ódáðahrauni friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 194/1978 samkvæmt lögum nr. 47/1971. Þá voru Herðubreiðarlindir, Grafarlönd og Herðubreið friðlýst með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 272/1974. Þessar friðlýsingar héldu allar gildi sínu við gildistöku laga nr. 97/2004 en umrædd svæði eru öll innan Skútustaðahrepps. Loks voru Skútustaðagígar friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 399/1973, en svæðið er nú innan verndarsvæðis skv. 2. gr. laga nr. 97/2004.
- (13) Með reglugerð nr. 755/2009 útgefinni 24. ágúst 2009 sbr. reglugerð nr. 608/2008 frá 7. júní 2008, báðum útgefnum á grundvelli nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð, var Trölladyngja, Dyngjufjöll og umtalsverður hluti Ódáðahrauns friðlýst, samtals um 2000 ferkílómetra svæði, en þau svæði voru á meðal tillagna Umhverfisstofnunar skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004. Sá hluti hálendis Skútustaðahrepps, sbr. 1. töluliður aðalkröfu í máli þessu, sem þegar hefur þannig verið friðlýstur sem hluti Vatnajökulspjóðgarðs og er því utan dómkrafna í þessu máli og afmarkast líkt og greinir í kröfugerð. Með reglugerð nr. 608/2008 var þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum gerður að hluta af Vatnajökulspjóðgarði og er núgildandi mörk þess svæðis ákvörðuð í reglugerð nr. 458/2014 og nánar er afmarkað í kröfugerð þessa máls. Mörk Vatnajökulspjóðagarðs og Skútustaðahrepps eru sýnd á uppdrætti á dskj. nr. 9 í máli þessu.
- (14) Verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá fyrir árin 2011 til 2016, sbr. lög nr. 97/2004, var staðfest af þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra 14. maí 2011, sbr. dskj. 5. Í verndaráætluninni er kveðið á um að friðlýsingum skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 skuli lokið sem fyrst. Rennur verndaráætlunin út í árslok 2016.
- (15) Hinn 22. júní 2011 friðlýsti þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra Dimmuborgir, sbr. dskj. 7 og Hverfell/Hverfjall, sbr. dskj. 6. Þá friðlýsti ráðherrann Seljahjallagil, Bláhvamm, Þrengslaborgir og nágrenni hinn 28. febrúar 2012, sbr. dskj. 8, að frumkvæði landeigenda. Svæðin voru friðlýst sem náttúruvætti og voru þau öll hluti af ofangreindum tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004 skv. lögum nr. 97/2004.
- (16) Af svæðum í tillögu Umhverfisstofnunar frá september 2004 á dskj. 3 standa eftir þau ellefu svæði sem dómkröfur þessa máls lúta að, sbr. ofangreint, en landfræðileg svæðanna eru í tillögum Umhverfisstofnunar sýnd á uppdráttum, en ekki er um að ræða hnitsett mörk í þeim tillögum. Svæðin sem dómkörfurnar taka til hafa enn ekki hlotið formlega friðlýsingu þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004. Njóta

þau því enn þann dag í dag einungis hinnar takmörkuðu bráðabirgðaverndar síðastgreinds lagákvæðis, þó mörg þeirra njóti að auki verndar skv. almennum náttúruverndarlögum, lögum nr. 60/2013.

- (17) Dómkröfur stefnenda miða að því að hin tilgreindu ellefu svæði verði formlega friðlýst, í samræmi við þá afmörkun sem fram komu í tillögu Umhverfisstofnunar frá 23. september 2004 á dskj. 3, og að sú friðlýsing taki formlega gildi með auglýsingu í Stjórnartíðindum.
- (18) Með bréfi dagsettu 23. mars 2016 beindi stefnandinn Landvernd þeirri áskorun til stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra að friðlýsa þá þegar þau svæði sem tillögur voru gerðar um af Umhverfisstofnun í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004, en ekki hefðu enn verið friðlýst, sbr. dskj. 15. Stefndi umhverfis- og auðlindaráðherra brást ekki við áskoruninni. Áður hafði Landvernd í tvígang gert formlegar athugasemdir við stjórnvöld vegna þess sem samtökin telja tregðu til lögmæltra friðlýsinga, annars vegar með áskorun til umhverfis- og auðlindaráðherra hinn 15. september 2015 um að tryggja fjármagn til friðlýsinga til að uppfylla ákvæði laga um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, sbr. og þingsályktun nr. 13/141, sem séu sérlög hvað varðar friðlýsingar tiltekinna svæða og eru ekki hluti dómkrafna í máli þessu, sbr. dskj. 13, og hinsvegar í umsögn Landverndar til stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra hinn 15. febrúar 2016 um drög að frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun, sbr. dskj. 14. Í síðastgreindri umsögn var m.a. að finna almenna umfjöllun Landverndar um friðlýsingar skv. náttúruverndalögum hin síðari ár og rökstudda gagnrýni samtakanna á vanhöld í því efni. Við þessum athugasemdum var ekki brugðist. Auk alls þessa ályktaði aðalfundur stefnandans Landverndar árið 2016 að ljúka skyldi án tafar friðlýsingu þeirra svæða sem vernda ber samkvæmt lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 97/2004, sbr. dskj. 16.
- (19) Að frumkvæði stefnandans Landverndar var haldinn fundur með forsvarsmönnum samtakanna og embættismönnum í umhverfis- og auðlindaráðuneytis um þetta mál hinn 11. maí 2016 sem ekki varð neinn árangur af til lausnar.
- (20) Stefnendur málsins hafa m.a. staðið saman að stjórnsýslukærum er varða yfirvofandi og hafnar framkvæmdir á verndarsvæðum í Skútustaðahreppi. Varða þau kærumál að hluta til sömu svæði og dómkröfur þessa máls fjalla um og í tengslum við rekstur þeirra voru forsvarsmenn Landverndar kallaðir á fund umhverfis- og auðlindaráðherra hinn 19. september 2016. Afhentu embættismenn ráðuneytisins þeim við það tækifæri afrit af óundirrituðu svarbréfi Umhverfisstofnunar til ráðuneytisins á dskj. nr. 18. Bréf þetta fjallar um stöðu friðlýsinga þeirra svæða sem dómkröfur þessa máls fjalla um og er það dagsett 1. júní 2016. Fram kom að ekkert hafði verið unnið að friðlýsingum margra svæðanna frá því 2004 og að ekkert hefði verið gert undanfarin ár nema skrifa skýrslur til ráðherra, sem vísað var til ótilgreint.
- (21) Stefnendur telja fullreynt að leita eftir því utan réttar að stefndi taki stjórnvaldsáskvarðanir þær sem dómkröfur máls þessa lúta að og hafa því ákveðið að höfða mál þetta í sameiningu til þess að knýja stefnda til að uppfylla athafnaskyldu.

MÁLSÁSTÆÐUR

Aðild og lögvarðir hagsmunir stefnenda

- (22) Málsástæður stefnenda er lúta að aðild og lögvörðum hagsmunum í málinu eru eftirfarandi í aðal- og varakröfum, komi til ágreinings um það atriði fyrir dóminum.
- (23) Stefnendur vísa til þess að dómstólar hafa vald til að dæma um hvert það sakarefni sem lög og landsréttur ná til nema það sé skilið undan lögsögu þeirra samkvæmt lögum, samningi, venju eða eðli sínu, sbr. 1. mgr. 24. gr. laga nr. 91/1991. Í máli þessu byggja stefnendur á lagaákvæði er skyldar stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra til að friðlýsa landsvæði, sem mælt er fyrir um hvernig skuli afmörkuð, innan tiltekinnna tímamarka. Sá frestur rann út hinn 31. desember 2007. Þessi ákvæði koma fram í settum lögum frá Alþingi og eru óumdeilanlega lagareglur er styðjast við gilda réttarheimild. Samkvæmt 60. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skera dómstólar úr um embættismörk stjórnvalda og samkvæmt ákvæði 61. gr. stjórnarskrárinnar skuli dómendur í embættisverkum sínum einungis fara eftir lögnum. Í því felst annars vegar að dómstólar geta dæmt um athafnaskyldu stjórnvalda lögum samkvæmt og hins vegar að dómstólar dæma ekki eftir annars konar reglum en lagareglum sem styðjast við gilda réttarheimildir.
- (24) Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, er öllum áskilinn réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur fyrir dómi. Reglan um lögvarða hagsmuni er óskráð réttarregla sem mótuð er af dómstólum. Lög ná yfir sakarefni þessa máls að því er lýtur að skyldu stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að friðlýsa tiltekin landsvæði. Sakarefnið er ekki skilið undan lögsögu dómstóla samkvæmt lögum, venju eða eðli máls skv. ofangreindu. Vísa stefnendur til norræns réttar um lögvarða hagsmuni umhverfisverndarsamtaka í málum um náttúruvernd og aðra umhverfisvernd, einkum danskrar dómaframkvæmdar, en skilyrðið um lögvarða hagsmuni er mótað af dómstólum í Danmörku á sama hátt og á Íslandi, og meta dómstólar beggja ríkja í hverju tilviki fyrir sig, sé því andmælt, hvort um lögvarða hagsmuni sé að ræða, sbr. m.a. dómur Eystri Landsréttar Dana frá 1. júlí 1994 í máli U 1994.78 Ø, dómur Hæstaréttar Dana í máli U 2000.1103 H, og dómur Vestri Landsréttar Dana frá 27. apríl 2001 í máli U 2001.1594 V. Stefnendur telja að málshöfðun þessi falli að markmiðum þeirra, sem vísað var til að ofan í tölulið (9), og eigi á sér stoð í lögum, sbr. dskj. 11 og 12. Auk þess nýtti sá stefnenda sem starfandi var á þeim tíma þátttökurétt sinn við undirbúning laga nr. 97/2004, m.a. með umsögnum á öllum stigum undirbúnings.
- (25) Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings og réttlátri málsmeðferð skulu aðildarríki er fullgilt hafi samninginn tryggja almenningi og samtökum þeirra aðgang að sjálfstæðum og óháðum dómstóli eða öðrum úrskurðaraðila í málum en varða meint brot einkaaðila eða stjórnvalda gegn landslögum, sjá. dskj. nr. 19. Á það samkvæmt ákvæðinu hvort heldur sem er við um málshöfðun vegna ákvarðana þessara aðila, athafna eða athafnaleysis. Árósasamningurinn var fullgiltur af Íslands hálfu hinn 16. september 2011. Í þessu máli nýtur ekki aðgangs að stjórnsýslukæru til sjálfstæðs og óháðs æðra stjórnvalds til að

knýja fram efnir lagaskyldu, sbr. 11. gr. tilskipunar 2011/92/ESB, sem tekin var upp í EES samninginn árið 2012, sbr. áður tilskipun 2003/35/EB, og lög nr. 130/2011, sbr. og 1. mgr. 9. gr. Árórsamningsins. Er stefnendum því aðeins fær dómstólaleiðin og engin önnur lagaleg úrræði eru fær til að gæta lögvarðra hagsmuna vegna verulegra vanefnda stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra á lagaskyldum íslenska ríkisins til verndar náttúru Íslands í þessu máli. Til stuðnings þessum sjónarmiðum vísa stefnendur einnig til dóms Vestri Landsréttar Dana frá 29. ágúst 2011 í málinu nr. 647/2010 (V.L. B-2938-10), að því er varðar frávísunarkröfu umhverfisráðuneytis Dana, sbr. U 2012.2572 H, dómur hæstaréttar Dana frá 3. maí 2012 í málinu nr. 356/2011. Ekki hefur komið fram af hálfu stefndu hvort íslenska ríkið telji vafa leika á um lögvarða hagsmuni stefnenda, og er ofangreint því sett fram *ex tute*.

- (26) Samtökin sem höfða mál þetta eru umhverfisverndarsamtök í skilningi 4. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Mál þetta varðar náttúruvernd, en aðgangi að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum er veitt sérstaða meðal ríkja er fullgilt hafa Árórsamninginn. Umhverfisverndarsamtök líkt og stefnendur, gæta mikilvægs hlutverks hvað þetta varðar, svo sem kveðið er á um í Árórsamningnum. Stefnendur hafa báðir tekið virkan þátt í umfjöllun um náttúruvernd á Íslandi. Starfssvæði stefnandans Fjöreggs er Mývatnssveit og hafa samtökin tekið virkan þátt í umræðu um náttúruvernd í sveitarfélaginu þau ár sem þau hafa verið starfandi, eða frá árinu 2014. Starfsemi stefnandans Landverndar fer hinsvegar fram á landsvísu, og meðal annars við Mývatn, en samtökin hafa um árabil tekið beinan þátt með ýmsum hætti í umfjöllun um náttúruvernd við Mývatn, og sendu þau ríkisstjórn Íslands m.a. bréf hinn 4. maí 2016 þar sem skorað var á hana grípa þegar til ráðstafana til bjargar lífríki Mývatns og Laxár, sbr. dskj. 17. Dómkröfur þessa máls samrýmast tilgangi og starfsemi beggja samtakanna.
- (27) Stefnendur telja sér einnig heimilt að höfða mál þetta í eigin nafni samkvæmt 3. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, vegna hagsmuna félagsmanna sinna. Samrýmist það þeim tilgangi samtakanna sem lýst var að ofan að gæta þeirra hagsmuna sem dómkröfur þeirra taka til, svo sem síðast tilvitnað réttarfarsákvæði verði skýrt með hliðsjón af tilgangi þess, lögskýringargögnum og alþjóðasamningum, einkum Árórsamningnum.
- (28) Varðandi varakröfu telja stefnendur sér heimilt, óháð ofangreindu, að gera viðurkenningarkröfu í dómsmáli, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Vísa stefnendur til sömu sjónarmiða og varðandi aðalkröfu um lögvarða hagsmuni af dómi um slíka kröfu. Sömu sjónarmið og að framan eru rakin eiga og við um þrautavarakröfur að því er aðild og lögvarða hagsmuni varðar.
- (29) Loks benda stefnendur á að friðlýsing er stjórnvaldsákvörðun en ekki stjórnvaldsfyrirmæli og vísa þar um til 61. gr. laga nr. 44/1999 sem í gildi voru við gildistöku laga nr. 97/2004, sbr. nú 4. mgr. 39 gr. laga nr. 60/2013.

Aðalkrafa og þrautavarakrafa

- (30) Stefnendur telja brýnt að ekki tefjist enn frekar að ljúka friðlýsingu þeirra svæða og náttúruminja er stefnt var að friðlýsingu á með setningu laga nr. 97/2004 og enn hafa

ekki verið formlega friðlýst. Staðreyndin er sú að svæðin og náttúruminjarnar hafa hátt verndargildi og eru annað tveggja mikilvæg fyrir lífríkið við Laxá og Mývatn eða jarðmyndanir og landslag sem ber að vernda, þó þau hafi ekki verið meðal þeirra svæða sem friðlýst voru með 2. gr. laga nr. 97/2004. Sem dæmi úr tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004 má nefna Búrfellshraun, sem er einstakt á heimsvísu vegna jarðmyndana sem hvergi finnast annarsstaðar á jörðinni en hugsanlega á Mars, Hvannstóð, „völundarhús af hellum og göngum með hinu furðulegasta súlnaverki á milli“ og Jarðbaðshóla með fágætum plöntum, en einnig vinsælustu viðkomustaði ferðafólks, Hverarönd, hverina í og við Námafjall og frægasta náttúruundur Mývatnssveitar og Leirhnjúk, en þessum svæðum stendur ógn af sívaxandi fjölda ferðamanna. Ekkert þessara svæða hefur enn verið friðlýst. Aðeins friðlýsing getur tryggt vernd svæðanna í bráð og lengd. Um er að ræða svæði sem áður nutu verndar með lögum nr. 36/1974, en eðlilegra þótti við setningu laga nr. 97/2004 að þau yrðu friðlýst með stjórnvaldsákvörðun, en með lögum. Til þess að koma í veg fyrir að þessum svæðum og náttúruminjum yrði spillt áður en þær yrðu friðlýstar var gert ráð fyrir að ekki yrði farið í framkvæmdir innan svæðanna fram að friðlýsingu þeirra. Því þótti m.a. nauðsynlegt að sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefði fullt samráð við umhverfisráðherra áður en framkvæmdir yrðu heimilaðar. Stefnendur leggja áherslu á að svæðin og náttúruminjarnar er mál þetta snýst um, eru sum hver í hættu hvað varðar framkvæmdir og er kynnu að spilla þeim varanlega, ef af yrði, auk þess sem ágangur ferðamanna ógnar sumum þeirra í mjög vaxandi mæli.

- (31) Stefnendur benda á, að með lögum nr. 97/2004 gaf Alþingi framkvæmdavaldinu fyrirmæli um friðlýsingu í samræmi við sérákvæði þeirra laga. Að öðru leyti skyldi fara um friðlýsinguna eftir náttúruverndarlögum nr. 44/1999 (nú lög nr. 60/2013). Með sérlögnum var Umhverfisstofnun falið að gera tillögu til ráðherra umhverfismála um svæði er friðlýst skyldu. Umhverfisstofnun uppfyllti þá lagaskyldu að sínu leyti þegar 23. september 2004, fyrir gildistöku sérlaganna. Þau tímamörk sem Alþingi settu framkvæmdavaldinu í þessu efni liðu hinn 31. desember 2007. Með því að hafa enn ekki að fullu efnt lagaskyldu sína samkvæmt bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 hefur stefndi umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins gerst ber að verulegum vanefndum á fyrirmælum í lögum settum af Alþingi. Þær vanefndir kunna þegar að hafa valdið skaða á náttúruverðmætum við Mývatn og Laxá, þó sá skaði hljóti að takmarkast nokkuð af því að lögin geri ráð fyrir að engar framkvæmdir séu leyfðar á meðan svæðin skv. bráðabirgðaákvæði II hafi ekki verið friðlýst.
- (32) Stefnendur halda því fram að réttarreglan í bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 feli í sér skýra og fyrirvaralaus skyldu ráðherra. Ekki er um frjálst mat stjórnvalds að ræða um það hvort friðlýst verði. Mælt er fyrir um það í lögnum að við gildistöku þeirra skyldi liggja ljóst fyrir hvaða svæði skyldu friðlýst, og bar að kynna það fyrir viðkomandi sveitarstjórn og landeigendum. Í ákvæðinu kemur skýrt fram að svæði sem 1. mgr. 2. gr. laganna taki ekki til sé allt að einu mikilvægt að vernda sakir mikilvægis þeirra fyrir lífríki Laxár og Mývatns eða vegna merkra jarðmyndana og landslagsgerða. Í lögskýringargögnum er vísað til mats þáverandi Náttúruverndarráðs á verndargildi svæðanna frá 1987, sbr. dskj. 4, og byggðust tillögur Umhverfisstofnunar 2004 m.a. á því mati. Unnið var að friðlýsingu hluta hálendis Skútustaðahrepps, sem er að finna í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004 undir

tölulið 1, sjá dskj. nr. 3, í tengslum við friðlýsingu Vatnajökulsþjóðgarðs, en hann var friðlýstur með reglugerð nr. 68/2008, sbr. lög nr. 60/2007. Vinna við friðlýsingu nokkurra annarra svæða á grundvelli laga nr. 97/2004 hófst á vegum þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra haustið 2010, sbr. dskj. 5 á bls. 8. Þrjú svæði voru friðlýst á árunum 2011 og 2012, sbr. dskj. 6 til 8, og er þar í öllum tilvikum um að ræða svæði sem eru hluti af svæði í tölulið 2 í tillögum Umhverfisstofnunar 2004, sbr. dskj. 3. Í skýrslu Umhverfisstofnunar fyrir árið 2012, sbr. dskj. 10 var stuttlega fjallað um svæðið Lúdent, Hraunbungu og Lúdents- og Þrengslaborgir, sem er hluti af svæði 2 í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004, í tengslum við vilja landeiganda jarðarinnar Voga til að ljúka friðlýsingu þess svæðis, jafnframt því sem kafla er þar að finna um viðræður við landeigendur jarðarinnar Reykjahlíðar um friðun Gjástykkis (sem ekki er nefnt í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004), Hrafninnuhryggs, Hvera (Námaskarðs), Leirhnjúks, Jarðbaðshóla, Gjánna (væntanlega átt við Varmholtsgjá, Grjótagjá og Stórugjá) og að drög að friðlýsingarskilmálum hafi verið tilbúin sumarið 2011 fyrir Hólavatnaás. Þessi svæði falla undir bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 sbr. tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004 á grundvelli þess ákvæðis, nánar tiltekið eftirtalda töluliði tillagnanna: tölulið 3 (Gjárnar), tölulið 4 (Jarðbaðshólar), tölulið 5 (Hrafninnuhryggur, Hveri og Leirhnjúkur) og tölulið 9 (Hólavatnaás). Í næstu skýrslu Umhverfisstofnunar um friðlýsingar, fyrir árið 2013, er hinsvegar hvorki að finna neina umfjöllun um þessi svæði né önnur er snúa að ákvæðum laga nr. 97/2004 og svo er heldur ekki í skýrslu fyrir árið 2014. Við útgáfu stefnu þessarar hefur skýrsla um friðlýsingar fyrir árið 2015 enn ekki verið gefin út af Umhverfisstofnun. Verður almennt að líta svo á að Umhverfisstofnun hafi talið hlutverki sínu skv. lögum nr. 97/2004 lokið varðandi þau svæði er mál þetta snýst um, a.m.k. í öllum aðalatriðum, með tillögugerðinni í september 2004 og að málið hafi verið komið til kasta umhverfisráðherra þegar árið 2004. Eftir áðurgreindar friðlýsingar 2011 og 2012 verður ekki séð að stefndi umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins hafi gert frekari reka að friðlýsingu svæðanna í gildistíð náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Hinn 15. nóvember 2015 tóku gildi ný náttúruverndarlög, nr. 60/2013. Lög nr. 97/2004 halda þó gildi sínu, þar á meðal umrætt bráðabirgðaákvæði þeirra, og teljast sérlög gagnvart almennum náttúruverndarlögum. Samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í sérlögunum, lögum nr. 97/2004, bar ráðherra við gildistöku þeirra að tilkynna landeigendum, viðkomandi sveitarstjórnnum og öðrum hagsmunaaðilum um hvaða landsvæði áformað sé að friðlýsa samkvæmt 1. mgr. bráðabirgðaákvæðisins. Ekki er kunnugt um annað en sú lagaskylda hafi verið uppfyllt, og kynningarferli það sem mælt er fyrir um í lögum hafi því farið fram við gildistöku laganna árið 2004, líkt og kveðið er á um í þeim. Auk þess kom fram í tillögum Umhverfisstofnunar 2004 að við vinnslu þeirra hafi stofnunin leitað til staðkunnugra í Skútustaðahreppi, sérfræðinga og leikmanna, í þeim tilgangi að fá sem bestar tillögur um landsvæði innan sveitarfélagsins sem mikilvægt væri að vernda sérstaklega vegna lífríkis, jarðmyndana, landslagssgerðar eða menningarminja. Var þannig meðal annars leitað til Landeigendafélags Mývatns og Laxár og til Skútustaðahrepps, og auk þess voru drög tillagnanna kynnt sveitarstjórn Skútustaðahrepps sérstaklega á fundi í byrjun september 2004, áður en þær urðu endanlegar, sbr. dskj nr. 3 á bls. 35. Ekkert stendur því í vegi fyrir því að stefndi umhverfis- og auðlindaráðherra ljúki friðlýsingu þeirra svæða er dómkröfur þessa máls beinast að. Ekkert fríar ráðherrann heldur frá þeirri brýnu lagaskyldu, svo sem óviðráðanleg atvik eða *force majeure*.

- (33) Stefnendum er ekki kunnugt um hvort af stefnda hálfu er gerður efnislegur ágreiningur um afmörkun þeirra svæða er friðlýsa skal, það er hvort afmörkunin skuli vera sú hin sama og greinir í tillögum Umhverfisstofnunar frá 2004 á dskj nr. 3. Verði hinsvegar ekki fallist á að stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra beri að ljúka friðlýsingu alfarið á grundvelli tillagna Umhverfisstofnunar frá september 2004, svo sem krafist er í aðalkröfu, er þess krafist til þrautavara að íslenska ríkið ljúki friðlýsingu í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004. Málsástæður og lagarök að baki þeirri kröfu eru hin sömu og að baki aðalkröfu, og er efnislega um afmörkun og verndargildi þeirra svæða er ekki hefur verið lokið friðlýsingu á í Skútustaðahreppi vísað til verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá fyrir árin 2011 til 2016 sbr. dskj. 5, tillagna Umhverfisstofnunar frá 2004 sbr. dskj. 3 og, eftir því sem enn kann að eiga við, til mats Náttúruverndarráðs á verndargildi svæða í Mývatnssveit frá árinu 1987 sbr. dskj. 4.
- (34) Stefnendur taka fram að í máli þessu hafa þeir hagað kröfugerð þannig að hún falli saman við mörk landsvæða í tillögu Umhverfisstofnunar frá 2004, en að teknu tilliti til þeirra svæða sem þegar hafa verið friðlýst. Þar sem mörk svæðanna hafa einungis verið dregin upp á kortum af hálfu Umhverfisstofnunar, en eru ekki hnitsett, telja stefnendur sér rétt að haga kröfugerð til samræmis.

Varakrafa og önnur þrautavarakrafa

- (35) Varakröfu og aðra þrautavarakröfu byggja stefnendur á heimild 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um rétt aðila til að fá dóm um viðurkenningu réttinda. Sakarefnið varðar stefnendur að því leyti að samtökin hafa, meðal annars með stjórnarsýslukærum, leitast við að kom í veg fyrir að varanleg spjöll verði framin á verndarsvæðum sem dómkröfur þessa máls taka m.a. til, en einnig að rask verið verði afmáð í samræmi við ákvarðanir stjórnvalda, m.a. stefnanda sjálfs. Hafa þær stjórnarsýslukætur m.a. varðað Leirhnjúkshraun, sem nýtur verndar almennra náttúruverndarlaga sem eldhraun runnið á nútíma, sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013, og er hluti af dómkröfum í þessu máli, þó ekki verði í stefnu þessari fjallað nánar um þær. Að öðru leyti er byggt á sömu sjónarmiðum, málsástæðum og lagarökum og í aðalkröfu og þrautavarakröfu.

Dagsektir

- (36) Stefnendur byggja kröfu um dagsektir á 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Með vanefndum á lagaskyldu, þ.e. með því að hlutast ekki til um að ljúka friðlýsingum nánar tiltekinna svæða við Mývatn og í samræmi við bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004, í á annan áratug, hefur stefndi umhverfis- og auðlindaráðherra komið í veg fyrir að náttúran við Mývatn, að því leyti er mál þetta fjallar um, njóti þeirrar varanlegu verndar sem Alþingi ákvað þegar með lögum árið 1974 um friðun Mývatns og Laxár að hún skyldi njóta, og ítrekaði með samþykkt nógildandi laga árið 2004, sbr. og tillögur Umhverfisstofnunar sama ár að afmörkun svæða og nánari útfærslu friðunar þeirra sem og með verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá 2011 til 2016, hvorttveggja á grundvelli fyrirmæla í lögum nr. 97/2004.
- (37) Löggjafinn hefur viðurkennt að verndun lífríkis, jarðmyndana og landslags með virkri náttúruvernd á svæðum við Mývatn utan þess svæðis er fellur undir 1. mgr. 2. gr. laga

nr. 97/2004 séu verulegir hagsmunir. Að mati stefnenda teljast þeir hagsmunir til mikilvægra almannahagsmuna. Fram kemur í athugasemdum með frumvarpi er varð að lögum nr. 97/2004 að fá svæði á Íslandi séu jafnverðmæt frá sjónarhóli náttúruverndar en einmitt Mývatns- og Laxársvæðið og að náttúruvinjar í grennd við Mývatn teljist órjúfanlegur hluti svæðisins en svæðin hafi afar mikið verndargildi annað tveggja vegna mikilvægis þeirra fyrir lífríki vatnsins eða vegna sérstæðra jarðmyndana og landslags. Stefnendur halda því fram að óumdeilt sé að náttúrufegurð við Mývatn sé einstök og að Mývatnssveit sé einn vinsælasti ferðamannastaður landsins. Sveitin sé ekki síður tilkomumikil að vetri en sumri. Nokkrir staðir við Mývatn draga sérstaklega að sér ferðamenn, svo sem Dimmuborgir og Hverfjall (Hverfell) sem þegar hefur verið friðlýst, en einnig Höfði, Leirhnjúkur og Krafla, gervígarnir við Skútustaði, Hverir austan Námaskarðs og Grjótagjá, svo eitthvað sé nefnt. Allir þessir staðir eru meðal þeirra er friðlýsa ber skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004 og tillögum Umhverfisstofnunar samkvæmt ákvæðinu. Krafa um dagsektir er gerð til að knýja á um efndir stefnda íslenska ríkisins, sem hefur tafið framkvæmd laga settra af Alþingi frá árinu 2004 og er sú töf bersýnilega brot á lögum frá og með 1. janúar 2008. Frestur sem stefndi umhverfis- og auðlindaráðherra hafði lögum samkvæmt leið þannig fyrir tæpun níu árum og hefur ekkert frést af friðlýsingum svæðanna sem kröfugerð í máli þessu tilgreinir í mörg undanfarin ár. Þá hafa ítrekuð tilmæli af hálfu stefnenda engri niðurstöðu skilað. Fjárhæð umkrafinna dagsekta tekur mið af þeim miklu hagsmunum sem í húfi eru og lögum nr. 97/2004, sbr. og nú lög nr. 60/2013, einkum 2., 3. og 61. gr., er ætlað að vernda.

- (38) Með hliðsjón af eðli þeirra ráðstafana sem kröfugerð í þessu máli lýtur að, er að mati stefnenda óraunhæft að stefnendur leiti atbeina sýslumanns til fullnustu skyldu stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. Verður því að teljast eðlilegt að kveða á um það í dómsorði að stefndi efni skyldu sína að viðlögðum dagsektum. Um frest stefnda til þess að efna lagaskyldu sína er vísað til þess að tillögur um friðlýsingu svæðanna sem greinir í kröfugerð stefnenda var skilað til ráðherra þegar á árinu 2004. Miklu meira en nægur tími hefur gefist til undirbúnings, svæðin hafa verið afmörkuð á korti og tillögurnar hafa verið útfærðar í öllum aðalatriðum. Þá voru svæðin sem friða ber kynnt sveitarstjórn skv. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis II í lögum nr. 97/2004 þegar árið 2004, sjá dskj. nr. 3, auk þess sem drög að tillögum voru kynnt af undirstofnun stefndu bæði fyrir sveitarstjórn og landeigendum og samráð haft við þá á vinnslustigi þeirra, sbr. dskj. nr. 3. Ekkert er því að vanbúnaði að lýsa yfir friðlýsingu svæðanna og auglýsa þá ákvörðun í Stjórnartíðindum. Hljóta þeir mánuðir að vera meira en nægur tími til þess, eins og á stendur.
- (39) Af hálfu stefnenda er því jafnframt lýst yfir að samtökin muni stofna sérstakan sjóð, komi til greiðslu dagsekta í máli þessu, og að andvirði hans muni renna óskipt til aðgerða til verndar þeim svæðum er dómkröfur taka til, auk svæða er njóta verndar skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 97/2004.

Málkostnaður

- (40) Stefnendur telja að við ákvörðun málskostnaðar sé nauðsynlegt að taka tillit til þess að málaferli þessu eru eingöngu komin til vegna ólögsmæts athafnaleysis stefnda til margra ára, en annar stefnenda hefur árangurslaust bent á athafnaleysi í friðlýsingum og beindi auk þess sérstakri, afmarkaðri og tímasettri kröfu til stefnda um efndir laga nr. 97/2004 hinn 23. mars 2016. Stefnendur eru knúnir til að höfða mál þetta vegna þessar aðgerðarleysis stefndu og yfirvofandi hættu á varanlegu tjóni fyrir lífríki og náttúru vegna þess aðgerðaleysis.
- (41) Stefnendur reka ekki virðisaukaskattskylda starfsemi og er því nauðsynlegt að taka tillit til 25,5% virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

LAGARÖK

- (42) Dómkröfur þessa máls byggja á lögum nr. 97/2004, einkum 1. og 2. gr. og bráðabirgðaákvæði II, sbr. einnig lög nr. 44/1999 sbr. og núgildandi lög nr. 60/2013, m.a. 2., 3. og 61. gr. Um viðurkenningarkröfu er vísað til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og um heimild til að reka mál í eigin nafni vegna félagsmanna til 3. mgr. 25. gr. sömu laga. Um kröfu um dagsektir er vísað til 4. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991. Kröfu um málskostnað styðja stefnendur við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 og kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988. Um varnarþing er vísað til 33. gr. laga nr. 91/1991.
- (43) Um aðild og lögvarða hagsmuni að öðru leyti er byggt á 60. gr., 61. gr. og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar, Árósasamningi um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvörðunartöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum, einkum 3. mgr. 9. gr., og tilskipun 2011/92/ESB, einkum 11. gr.

SÝNILEG SÖNNUNARGÖGN

- (44) Stefnendur munu við þingfestingu málsins leggja fram eftirtalin gögn:
1. Stefnu
 2. Skrá
 3. Tillaga Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 97/2004 útg. 2004: „Verndarsvæði í Skútustaðahreppi. Tillögur Umhverfisstofnunar vegna breytinga á lögum um vernd Mývatns og Laxár“
 4. Náttúruverndarkort af Mývatnssveit, útgefið af Náttúruverndarráði 1987
 5. Verndaráætlun fyrir Mývatn og Laxá 2011-2016, staðfest af umhverfis- og auðlindaráðherra 14. maí 2011
 6. Friðlýsingarskilmálar fyrir Hverfell/Hverfjall, 22. júní 2011
 7. Friðlýsingarskilmálar fyrir Dimmuborgir, 22. júní 2011
 8. Friðlýsingarskilmálar Seljahjallagils, Bláhvamms, Þrengslaborga og nágrennis, 28. febrúar 2012
 9. Kort með mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs og Skútustaðahrepps
 10. Skýrsla Umhverfisstofnunar um friðlýsingar 2012, dags. í júní 2013
 11. Lög Fjöreggs, samþykkt á aðalfundi 26. mars 2015
 12. Lög Landverndar frá 30. október 1999, breytt 29. apríl 2006 og 12. maí 2012

13. Áskorun Landverndar til umhverfis- og auðlindaráðherra hinn 15. september 2015 um að tryggja fjárveitingar til friðlýsinga skv. lögum nr. 48/2011
14. Umsögn Landverndar til umhverfis- og auðlindaráðherra hinn 15. febrúar 2016 um drög að frumvarpi til laga um Umhverfisstofnun
15. Bréf Landverndar til umhverfis- og auðlindaráðherra dagsett 23. mars 2016
16. Ályktun aðalfundar Landverndar 30. apríl 2016 um friðlýsingar
17. Bréf Landverndar til ríkisstjórnar Íslands 4. maí 2016, áskorun um ráðstafanir til bjargar lífríki Mývatns og Laxár
18. Óundirritað bréf Umhverfisstofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dags. 1. júní 2016.
19. Íslensk þýðing Árósasamnings, um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvörðunartöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum.

ÁSKORUN UM FRAMLAGNINGU GAGNA

- (45) Skorað er á stefnda umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins að leggja fram bréf Umhverfisstofnunar dags. 23. september 2004 sem fylgt mun hafa tillögum stofnunarinnar skv. bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 97/2004.

SKÝRSLUTÖKUR OG ÁSKILNAÐUR


- (46) Stefnendur áskilja sér rétt til að kalla fyrir til skýrslutöku í málinu hvern þann sem varpað getur ljósi á málið til hagsbóta fyrir stefnendur. Stefnendur gera einnig áskilnað um rétt til frekari reifunar málsins, öflunar gagna og til að bera fram nýjar kröfur, málsástæður og mótmæli á síðari stigum málsins, þar á meðal við aðalmeðferð ef tilefni verður til.

FYRIRKALL

- (47) Hér með er skorað á Sigrúnu Magnúsdóttur, umhverfis- og auðlindaráðherra, kt. 150644-2409, Efstaleiti 14, Reykjavík, sem fyrirvarsmann íslenska ríkisins, Arnarhváli, Reykjavík að mæta þegar mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur sem verður háð í dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 29. nóvember 2016 klukkan 10:00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og leggja fram gögn af sinni hálfu. Að öðrum kosti má stefnda búast við að útivistardómur gangi í málinu.


Stefnufrestur ákveðst 3 sólarhringar.

Reykjavík, 25. nóvember 2016,
f.h. stefnenda


Magnús Óskarsson, hrl.
f.h. Sifjar Konráðsdóttur, hrl.

Mér nægjanlega birt f.h. íslenska ríkisins sem
hefur falið mér að sækja þing við
þingfestingu máls þessa.
Fallið er frá stefnufresti.

Reykjavík, 25. nóvember 2016,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Sinnikar', followed by a comma and the letters 'h.f.'.

~~f.h. ríkislögmanns.~~